



## Framkvæmd fjárlaga janúar til júní 2016

Október 2016

# Efnisyfirlit

<b>Niðurstöður og ábendingar .....</b>	<b>3</b>
<b>1 Inngangur .....</b>	<b>5</b>
<b>2 Afkoma A-hluta ríkissjóðs .....</b>	<b>6</b>
<b>3 Tekjur A-hluta ríkissjóðs .....</b>	<b>7</b>
<b>4 Gjöld A-hluta ríkissjóðs.....</b>	<b>9</b>
<b>5 Sjóðstreymi A-hluta ríkissjóðs .....</b>	<b>17</b>
<b>Viðauki 1: Skýringar á hugtökum .....</b>	<b>18</b>
<b>Viðauki 2: Gjaldaliðir fjárlaga.....</b>	<b>21</b>

# Niðurstöður og ábendingar

Greiðsluafkoma ríkissjóðs á fyrri árshelmingi 2016 var jákvæð um 381,8 ma.kr. Í áætlun fyrir tímabilið var hins vegar gert ráð fyrir að greiðsluafkoman yrði neikvæð um 18,5 ma.kr. Til samanburðar var greiðsluafkoma ríkissjóðs jákvæð um 0,8 ma.kr. á sama tímabili 2015.

**Stöðugleikaframlög  
hafa mikil áhrif á  
greiðsluafkomu  
ríkissjóðs**

Meginástæða betri afkomu eru stöðugleikaframlög frá þrotabúum fjármálastofnana að fjárhæð 394,1 ma.kr. en áætlun fyrir tímabilið gerir ekki ráð fyrir að þessi framlög verði tekjufærð nema að hluta.

Í mánaðaruppgjörum ríkissjóðs hefur stöðugleikaframlögum að mestu verið haldið utan við yfirlit sem sýna útkomu og samanburð við áætlanir. Sá hluti stöðugleikaframlaga sem kom á móti lækkun bankaskatts að fjárhæð 17 ma.kr. og framlög til að greiða niður lán frá Seðlabankanum og ríkisbréf að fjárhæð 51,0 ma.kr., eru hins vegar talin með í afkomutölum, samtals 68,0 ma.kr. Ríkisendurskoðun telur ekki rökrétt að hluti stöðugleikaframlaga sé færður með þessum hætti. Eðlilegra sé að taka þau að fullu með eða halda þeim alfarið utan við samanburðinn. Væri þessum framlögum haldið alveg utan við greiðsluuppgjörið væri afkoma ríkissjóðs á fyrri hluta ársins svipuð og á sama tíma í fyrra.

Skatttekjur ríkissjóðs á fyrri hluta ársins voru 13,3 ma.kr. eða 4,6% hærrí en áætlað var enda skiluðu flestir skattstofnar meiri tekjum en áætlað var.

Rekstrartekjur ríkissjóðs, að teknu tilliti til þess hluta stöðugleikaframlaga sem færður er til tekna á tímabilinu, voru 48,9 ma.kr. hærrí en áætlun sagði til um eða 96,6%. Frávikið skýrist af því að stærri hluti stöðugleikaframlaganna var tekjufærður heldur en fyrir séð var við samþykkt fjárlaga. Aðrir liðir rekstrartekna eru í meira samræmi við áætlun. Sama á við um tekjur vegna fjárlaga og sölu eigna.

Á fyrri hluta ársins var gert ráð fyrir að nýta samtals 354,1 ma.kr. af fjárheimild ársins. Greidd gjöld tímabilsins voru hins vegar 343,0 ma.kr. Alls voru 229 fjárlagaliðir með útgjöld innan áætlunar, samtals 22,6 ma.kr., en 140 fjárlagaliðir voru með útgjöld yfir áætlun, samtals 11,6 ma.kr.

**Meira en  
þriðjungur  
fjárlagaliða fór  
fram úr áætlun  
tímabilsins**

Hafa ber hugfast að rekstur á síðari hluta ársins og breytingar á fjárheimildum, s.s. vegna millifærslna og fjárákallaga, leiða til þess að útkoma í lok árs er önnur en skv. árshlutauppgjörum. Ennfremur sýna ýmsir uppgjörliðir iðulega meiri frávik skv. rekstraruppgjöri en greiðsluuppgjöri og má þar nefna lífeyrisskuldbindingar, afskriftir á skattkröfum o.fl.

Reynsla undanfarinna ára sýnir að um þriðjungur fjárlagaliða fer fram úr fjárheimild í lok árs og bendir útkoma rekstrar eftir fyrri hluta þessa árs ekki til annars en að sú

verði áfram raunin í ár. Í sumum tilvikum eru frávikin á liðum þar sem reynslan sýnir að erfitt er að sjá útgjöld fyrir við gerð fjárlaga og að stýra þeim innan ársins. Í öðrum tilvikum má fullyrða að í byrjun árs hafi legið fyrir að grípa þyrfti til ráðstafana ef tryggja ætti að viðkomandi fjárlagaliður yrði innan heimilda í lok ársins.

Frumvarp til fjárukalaga 2016 var lagt fram 21. september sl. og það samþykkt sem fjárukalög 12. október. Þar er ekki nema að hluta tekið á fyrirbyggjandi vanda ýmissa stofnana sem stefna í að vera með útgjöld umfram heimildir í lok ársins án þess þó að lagt hafi verið fyrir viðkomandi stofnanir að draga saman útgjöld. Boðað hefur verið að annað frumvarp til fjárukalaga verði lagt fram síðar á árinu.

Það er ennþá mat Ríkisendurskoðunar að ekki sé með fullnægjandi hætti tekið á því hvernig stofnunum er ætlað að bregðast við uppsöfnuðum halla. Eins og kunnugt er flyst uppsafnaður afgangur eða halli fyrra árs yfir á næsta fjárlagaár og kemur til hækkunar eða lækkunar á fjárheimildum skv. fjárlögum þess árs, nema hallinn sé bættur með sérstakri fjárveitingu eða hann felldur niður í lokafjárlögum. Við afgreiðslu rekstraráætlana vegna ársins þarf að taka afstöðu til þess hvernig slíkri skerðingu er mætt en af svörum ráðuneyta má ráða að í mörgum tilvikum sé ekki ætlast til eða gengið eftir því að stofnanir dragi saman starfsemina til að mæta þessu. Það fyrirkomulag að ætla stofnunum að greiða upp eldri halla er því ekki að virka þegar þannig háttar til.

# 1 Inngangur

Lög um Ríkisendurskoðun nr. 86/1997 fela stofnuninni að hafa eftirlit með framkvæmd fjárlaga og vera þingnefndum til aðstoðar við störf er varða fjárhagsmálefni ríkisins. Ríkisendurskoðun ber einnig að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og samninga um rekstrarverkefni þar sem það á við. Á grundvelli þessara ákvæða fylgist Ríkisendurskoðun með framkvæmd fjárlaga og fjallar um hana í skýrslum til Alþingis.

Lög um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga nr. 46/2016 taka gildi 1. janúar 2017 og frá sama tíma falla úr gildi eldri lög um Ríkisendurskoðun. Í nýju lögnum kemur fram að starfssvið ríkisendurskoðanda taki m.a. „til aðstoðar við störf þingnefnda er varða fjárhagsmálefni ríkisins, þ.m.t. eftirlit með framkvæmd fjárlaga“. Í frumvarpi til laganna var ekki tekið sérstaklega fram hvert skyldi vera hlutverk Ríkisendurskoðunar við eftirlit með framkvæmd fjárlaga en í meðförum Alþingis var ákveðið að bæta við ofangreindu ákvæði. Því er gert ráð fyrir að Ríkisendurskoðun muni halda áfram að sinna eftirliti með framkvæmd fjárlaga.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir framkvæmd fjárlaga á fyrri árshelmingi 2016. Fjallað er um afkomu A-hluta ríkissjóðs, frávik í tekjum og gjöldum á árinu og sjóðshreyfingar. Í mars sendi stofnunin fjárlaganefnd minnisblað um skil og afgreiðslu á rekstraráætlunum stofnana vegna ársins. Stofnunin mun næst fjalla um framkvæmd fjárlaga og horfur til ársloka í tengslum við níu mánaða uppgjör.

Upplýsingar í skýrslunni byggja m.a. á mánaðar- og ársfjórðungsuppgjörum Fjársýslu ríkisins en þau eru sett fram á greiðslugrunni. Útgjöld vegna liða eins og lífeyrisskuldbindinga, fjármagnskostnaðar, afskrifta skattkrafna o.fl. eru iðulega önnur á greiðslugrunni en fram kemur í endanlegu uppgjöri þeirra í ríkisreikningi sem er á rekstrargrunni.<sup>1</sup> Þá getur mismunandi innheimtuhlutfall og greiðslutímabil tekna frá ári til árs haft áhrif á hve miklu munar á tekjum skv. greiðsluuppgjörum og ríkisreikningi.

---

<sup>1</sup> Munurinn á greiðslugrunni og rekstrargrunni er skýrður í viðauka skýrslunnar.

## 2 Afkoma A-hluta ríkissjóðs

### Greiðsluafkoma á fyrri ársþelmingi mun betri en skv. áætlun

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á fyrri ársþelmingi 2016 voru 726,8 ma.kr. á meðan greidd gjöld voru 345,0 ma.kr. Greiðsluafgangur á tímabilinu var þannig 381,8 ma.kr. Á meðal tekna eru framlög frá sex þrotabúum banka (stöðugleikaframlög) að fjárhæð 394,1 ma.kr.<sup>2</sup> Áætlun fyrir tímabilið gerði ekki ráð fyrir að þessi framlög verði tekjufærð nema að hluta á tímabilinu og var greiðsluafkoman samkvæmt áætluninni talin verða neikvæð um 18,5 ma.kr.

Í mánaðaruppgjörum Fjársýslu ríkisins er stöðugleikaframlögum að mestu haldið utan við yfirlit sem sýna útkomu og samanburð við áætlanir. Er það rökstutt með því að ráðstöfun tekna af stöðugleikaframlögum þurfi samkvæmt þeim lagaramma sem um þau gilda að samrýmast markmiðum um efnahagslegan og fjármálalegan stöðugleika en þau á að nýta til lækkunar á skuldum ríkissjóðs. Eftir sem áður er sá hluti stöðugleikaframlaga sem kom á móti lækkun bankaskatts að fjárhæð 17 ma.kr. og framlög til að greiða niður lán frá Seðlabankanum og ríkisbréf að fjárhæð 51,0 ma.kr. talinn með í afkomutölum, samtals 68,0 ma.kr. Að mati Ríkisendurskoðunar má færa rök fyrir því að fjalla sérstaklega um afkomu ríkissjóðs með og án stöðugleikaframlaga en framsetning af þessu tagi þar sem hluti stöðugleikaframlaga er tekinn með í samanburðinn getur ekki talist rökréttur. Stöðugleikaframlögin teljast að fullu til tekna A-hluta ríkissjóðs enda þótt ætlunin sé að ráðstafa þeim að mestu til greiðslu á skuldum.

### 2.1 Tekjur, gjöld og afkoma A-hluta ríkissjóðs, janúar–júní 2016

Greiðslugrunnur (ma.kr.)	Fjárlög	Áætlun	Útkoma	Útkoma fyrra árs
Tekjur	683,9	338,0	400,6 <sup>*)</sup>	320,5
Gjöld	684,0	356,5	343,0	319,7
Greiðsluafkoma	-0,2	-18,5	57,6	0,8
Hlutfall af tekjum	0,0%	-5,5%	14,4%	0,2%

\*) Án stöðugleikaframlaga að undanskyldum 68,0 ma.kr. sem Fjársýslan tekjufærði á tímabilinu

### Stöðugleikaframlög hafa áhrif á greiðsluafkomu ríkissjóðs

Samkvæmt yfirliti Fjársýslunnar var greiðsluafkoma ríkissjóðs á fyrri hluta ársins betri en á sama tímabili 2015 en væri hins vegar svipuð að öllum stöðugleikaframlögum slepptum í samanburðinum. Innheimtar tekjur, án stærsta hluta stöðugleikaframlaga, voru 25% meiri á fyrri ársþelmingi 2016 en á sama tíma 2015, en greidd gjöld 7,3% hærri. Eins og í fyrra hækkuðu bæði tekjur og gjöld ríkissjóðs umfram vísitölu neysluverðs sem hækkaði um 1,8% á milli fyrri ársþelminga 2015 og 2016.

<sup>2</sup> Virði eigna er endurmetið miðað við stöðuna á hverjum tímavísi sem getur haft áhrif á tekjur innan ársins.

## 3 Tekjur A-hluta ríkissjóðs

Í fjárlögum ársins kemur fram að áætlað sé að innheimtar tekjur ríkissjóðs verði 721,6 ma.kr. á öllu árinu 2016. Í mánaðaruppgjöri Fjársýslunnar eru innheimtar tekjur á fyrri hluta ársins áætlaðar 338,0 ma.kr. en í reynd urðu þær 400,6 ma.kr. eða 62,3 ma.kr. (18,4%) hærrí en áætlað var. Tekjurnar voru einnig 80,1 ma.kr. eða 25,0% hærrí en á fyrri árshelmingi 2015. Séu stöðugleikaframlögin að fullu tilgreind á tímabilinu námu innheimtar tekjur þess hins vegar 726,8 ma.kr. sem er hærrí fjárhæð en nemur öllum tekjum ársins skv. fjárlögum.

Áætlanir tímabilsins gerðu ráð fyrir að innheimtir skattar yrðu 287,2 en þeir urðu í reynd 300,5 ma.kr. eða 4,6% hærrí en áætlunin. Útkoman er mismunandi eftir skatttegundum eins og iðulega er raunin og munar þar mestu um að skattar á vörur og þjónustu, einkum virðisaukaskattur, skilaði 8,9 ma.kr. eða 7,5% umfram áætlun. Í samanburði við fyrri árshelming 2015 hækkuðu innheimtar skatttekjur um 24,1 ma.kr. eða 8,7%. Útkoma endurspeglar áframhaldandi uppgang í efnahagslífinu sem skilar sér í meiri skatttekjum ríkissjóðs en gert var ráð fyrir í tekjuáætlunum ársins sem venju samkvæmt eru fremur varfærnar.

**Skattar skiluðu meiri tekjum en áætlað var**

### 3.1 Tekjur ríkissjóðs, sundurliðun, janúar–júní 2016

Greiðslugrunnur (ma.kr.)	Fjárlög	Áætlun	Útkoma	Frávik frá áætlun		Útkoma fyrra árs	Breyting frá fyrra ári	
<b>Skatttekjur</b>	<b>614,2</b>	<b>287,2</b>	<b>300,5</b>	<b>13,3</b>	<b>4,6%</b>	<b>276,4</b>	<b>24,1</b>	<b>8,7%</b>
Skattar á tekjur og hagnað	237,6	119,9	122,2	2,3	1,9%	116,7	5,5	4,7%
Eignarskattar	8,3	3,4	4,2	0,8	23,5%	3,5	0,7	20,0%
Tryggingagj. og aðrir launask.	91,6	43,5	45,6	2,1	4,8%	40,1	5,5	13,7%
Skattar á vörur og þjónustu	260,5	119,3	128,2	8,9	7,5%	115,1	13,1	11,4%
Aðrir skattar	16,2	1,1	0,3	-0,8	-72,7%	1,0	-0,7	-70,0%
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>67,5</b>	<b>50,6</b>	<b>99,5</b>	<b>48,9</b>	<b>96,6%</b>	<b>44,1</b>	<b>55,4</b>	<b>125,6%</b>
Vaxtatekjur	12,9	6,6	6,9	0,3	4,5%	6,5	0,4	6,2%
Arður	19,2	17,0	16,0	-1,0	-5,9%	29,0	-13,0	-44,8%
Veiðigjald	8,6	4,7	4,1	-0,6	-12,8%	3,5	0,6	17,1%
Aðrar rekstrartekjur	26,8	22,3	72,5	50,2	225,1%	5,1	67,4	1321,6%
Fjárframlög	1,5	0,1	0,1	0,0	0,0%	0,1	0,0	0,0%
Sala eigna	0,8	0,2	0,3	0,1	50,0%	0,0	0,3	-
<b>Tekjur alls</b>	<b>683,9</b>	<b>338,0</b>	<b>400,6</b>	<b>62,3</b>	<b>18,4%</b>	<b>320,5</b>	<b>80,1</b>	<b>25,0%</b>

\*) Án stöðugleikaframlaga að undanskyldum 68,0 ma.kr. sem Fjársýslan tekjufærði á tímabilinu

Innheimtar rekstrartekjur ríkissjóðs voru áætlaðar 50,6 ma.kr. á fyrri árshelmingi 2016 en þær urðu 99,5 ma.kr. eða 44,1% hærrí. Skýrist það af tekjufærslu á stærri hluta stöðugleikaframlaga á tímabilinu en gert var ráð fyrir í fjárlögum og áætlun tímabilsins. Tekjufærsla stöðugleikaframlaga skýrir líka að mestu hvers vegna innheimtar rekstrartekjur á fyrri hluta ársins voru 48,9 ma.kr. (96,6%) hærrí en á sama tíma 2015. Þó má nefna að arðgreiðslur lækkuðu um 13 ma.kr. (44,8%) á milli ára.

## Tekjur vegna stöðugleikaframlaga

Í mánaðarlegum yfirlitum um fjárreiður ríkissjóðs á árinu 2016 var ákveðið að tekju-  
færa að fullu stöðugleikaframlög sex fjármálafyrirtækja sem voru í slitameðferð til  
ársloka 2015 og í janúar 2016 þegar nauðasamningar voru samþykktir og staðfestir af  
þar til bærum aðilum.

Í heild eru stöðugleikaframlögin 394,1 ma.kr. í lok júní 2016 samanborið við 348,3  
ma.kr. skv. áætlun fjárlaga fyrir árið 2016. Endanleg fjárhæð verður þó fyrst ljós í lok  
ársins 2016 eða síðar en fjárlög 2016 gera ráð fyrir að 36,0 ma.kr. framlög verði færð  
til tekna á árunum 2017 og 2018. Niðurstaðan varð sú að færa þessi framlög til tekna á  
árinu 2016 í samræmi við reikningskilareglur. Að auki var áformað að verðmæta-  
aukning og tekjuauki vegna eignarhaldsins sem tengdust stöðugleikaframlögum  
verði færð og sýnd með þeim.

Í upphafi árs var ákveðið, við gerð mánaðarlegra uppgjörsyfirlita ríkissjóðs, að halda  
þessum stöðugleikaframlögum aðskildum í sérstökum yfirlitum og láta þau ekki hafa  
áhrif á hefðbundin yfirlit um rekstur og fjárhag ríkissjóðs á árinu 2016. Ríkisendur-  
skoðun var ekki mótfallin þeirri framsetningu þegar málið var rætt við stofnunina í  
upphafi árs.

Hins vegar kemur í ljós að frávik hafa verið gerð á þessari framsetningu á þann veg að  
17,0 ma.kr. hluti stöðugleikaframlaganna, sem er ígildi bankaskatts slitabúanna, er  
færður sem hluti í almennu rekstrar- og fjárhagsyfirlitunum sem og sá hluti sem  
tengist niðurgreiðslum skulda ríkissjóðs eða 51,0 ma.kr. Reiknað var með fyrri  
fjárhæðinni í fjárlögum ársins en ekki þeirri síðari. Samtals er því fært inn í regluleg  
mánaðaryfirlit 68,0 ma.kr.

Að mati Ríkisendurskoðunar er þessi breyting á færslu stöðugleikaframlaganna inn í  
fyrirgreind yfirlit í andstöðu við upphafleg áform og er stofnunin andvíg þessari  
framsetningu þar sem hún gefur ranga mynd af rekstri og fjárhagsstöðu ríkissjóðs. Að  
mati hennar á annað hvort að halda stöðugleikaframlögum fyrir utan hefðbundin  
yfirlit eða taka þau inn með skýringu um að hér sé um einskis tekjur að ræða.

Núverandi framsetning yfirlitanna ofmetur „reglulegar“ tekjur ríkissjóðs og sýnir  
afkomu og fjárhagsstöðu hans í hagfelldara ljósi en áætlað var í upphafi árs. Tekju-  
afgangur í lok júní 2016 sem er talinn vera 57,6 ma.kr. í hefðbundnum rekstrar-  
yfirlitum er því ofmetinn um 68,0 ma.kr. og því ætti tekjuhalli ríkissjóðs að vera 10,4  
m.kr. án stöðugleikaframlaganna.

Ríkisendurskoðun telur að upphafleg ákvörðun um að halda stöðugleikaframlögum  
sérgreindum hafi verið rökrétt, einföld og skýr. Framsetning nú er hins vegar  
misvísandi og gefur ekki rétta mynd af reglulegum rekstri ríkissjóðs.



## 4 Gjöld A-hluta ríkissjóðs

Fjárheimildum ársins er skipt niður á mánuði til samræmis við hvernig áætlað er að útgjöld viðkomandi fjárlagaliða falli til innan ársins. Fjárheimildir einstakra fjárlagaliða geta breyst frá fjárlögum vegna þess að á þá eru færðar fjárheimildir af öðrum fjárlagaliðum, s.s. af safnliðum og fjárlagalið vegna launa- og verðlagsbóta, eða vegna flutnings verkefna á milli stofnana. Heildarfjárheimild ríkissjóðs breytist hins vegar ekki við þetta. Samþykkt fjárukalaga getur einnig breytt fjárheimildum einstakra fjárlagaliða, til hækkunar eða lækkunar en það gerist hins vegar ekki fyrr en undir lok ársins þegar frumvarp til fjárukalaga hefur verið lagt fram og samþykkt. Loks geta fjárheimildir fjárlagaliða breyst vegna flutnings fjárheimilda frá árinu á undan, hvort sem um er að ræða inneign vegna þess að útgjöld voru innan fjárheimilda eða skuld vegna útgjalda umfram fjárheimild.

**Fjárheimildir skv. fjárlögum geta breyst innan ársins**

Tafla 4.1 að neðan sýnir fjárheimildir sem í gildi voru á fyrri hluta ársins 2016 eftir ráðuneytum.<sup>3</sup>

4.1 Fjárheimildir, janúar–júní 2016						
Greiðslugrunnur (m.kr.)	Fjárlög	Fjárukalög	Launa- bætur	Milli- færslur	Flutt frá fyrra ári	Fjárheimildir samtals
00 Æðsta stjórn ríkisins	2.364.543	0	0	708	102.884	2.468.134
01 Forsætisráðuneyti	1.888.681	0	0	-29.742	411.647	2.270.586
02 Mennta- og menningarmálar.	43.685.745	0	4.980	-507.979	2.311.364	45.494.111
03 Utanríkisráðuneyti	6.534.532	0	0	-206.659	553.901	6.881.775
04 Atvinnuvega- og nýsköpunar.	16.989.620	0	0	-822.708	3.951.824	20.118.736
06 Innanríkisráðuneyti	41.925.285	0	96.044	-1.924.634	634.498	40.731.192
08 Velferðarráðuneyti	150.337.658	0	156.441	-3.697.586	-2.705.471	144.091.042
09 Fjármála- og efnahagsr.	30.974.706	0	-124.131	9.341.209	934.953	41.126.736
14 Umhverfis- og auðlindar.	4.948.984	0	0	73.329	-63.357	4.958.956
19 Vaxtagjöld ríkissjóðs	36.158.784	0	0	9.764.216	0	45.923.000
	<b>335.808.538</b>	<b>0</b>	<b>133.333</b>	<b>11.990.152</b>	<b>6.132.245</b>	<b>354.064.269</b>

Í árshlutauppgjöri Fjársýslunnar hafa fjárheimildir á árinu 2016 verið hækkaðar um 973 m.kr. vegna frávíka markaðra tekna en lækkaðar um 53 m.kr. vegna frávíka í öðrum rekstrartekjum. Í þessari skýrslu eru slík frávík tekna frá áætlun fjárlaga hins vegar ekki taldar til gilda fjárheimilda enda ekki búið að samþykkja breytingarnar í lokafjárlögum.

<sup>3</sup> Skráðar fjárheimildir geta breyst lítillega eftir því hvenær skýrslur eru keyrðar þar sem einstökum uppgjörstímabilum er ekki lokað í bókhaldi og því hægt að breyta fjárheimilda-færslum á þeim eftir útgáfu mánaðar- og ársfjórðungsuppgjöra.

**Gjöld ríflega þriðjungs fjárlagaliða fóru fram úr áætlun á fyrri hluta ársins**

Tafla 4.2 sýnir samanburð fjárheimilda og greiddra gjalda eftir ráðuneytum á fyrri árshelmingi 2016. Fjárheimildir tímabilsins voru 354,1 ma.kr. en greidd gjöld voru 343,0 ma.kr. Greidd gjöld 229 fjárlagaliða (62%) voru undir áætlun á fyrri hluta ársins, samtals um 22,6 ma.kr. Aftur á móti voru gjöld 140 fjárlagaliða (38%) yfir áætlun um samtals 11,6 ma.kr. á sama tíma. Tafla yfir stöðu allra fjárlagaliða gagnvart fjárheimildum er í viðauka 2. Tekið skal fram að frumvarp til fjárlagaliða var lagt fram 21. september sl. og það samþykkt 12. október.

4.2 Gjöld ríkissjóðs, fjárheimildir og útkoma, janúar–júní 2016						
Greiðslugrunnur (m.kr.)	Fjárheimildir	Útkoma	Frávik undir fjárheimild	Frávik yfir fjárheimild	Fjöldi undir fjárheimild	Fjöldi yfir fjárheimild
00 Æðsta stjórn ríkisins	2.468.134	2.309.993	271.453	113.312	5	3
01 Forsætisráðuneyti	2.270.586	1.756.506	532.147	18.066	15	1
02 Mennta- og menningarmálar.	45.494.111	42.027.292	4.125.501	658.682	55	33
03 Utanríkisráðuneyti	6.881.775	6.383.035	636.893	138.153	8	2
04 Atvinnuvega- og nýsköpunar.	20.118.736	16.094.970	4.474.242	450.476	37	7
06 Innanríkisráðuneyti	40.731.192	40.283.276	2.089.227	1.641.311	27	36
08 Velferðarráðuneyti	144.091.042	144.790.257	6.439.410	7.138.626	41	46
09 Fjármála- og efnahagsr.	41.126.736	39.301.106	2.651.246	825.615	23	5
14 Umhverfis- og auðlindar.	4.958.956	5.099.941	465.712	606.697	17	7
19 Vaxtagjöld ríkissjóðs	45.923.000	44.984.837	938.163	0	1	0
	<b>354.064.269</b>	<b>343.031.213</b>	<b>22.623.994</b>	<b>11.590.938</b>	<b>229</b>	<b>140</b>

## Umfjöllun um fjárlagaliði einstakra ráðuneyta

Ríkisendurskoðun leitaði eftir upplýsingum frá ráðuneytum um fjárlagaliði sem að óbreyttu gætu farið marktækt fram úr fjárheimild í lok árs, hvaða skýringar væru á frávikum og til hvaða ráðstafana væri gripið vegna þeirra. Sömuleiðis var óskað eftir upplýsingum um fjárlagaliði sem útlit er fyrir að verði marktækt undir fjárheimild í lok ársins.

### Forsætisráðuneyti

Í svari forsætisráðuneytisins kom fram að ekki sé gert ráð fyrir að neindir fjárlagaliðir ráðuneytisins verði með halla í lok ársins. Einn fjárlagaliður, *01-321 Minjastofnun Íslands*, væri með halla eftir fyrstu sex mánuði ársins vegna framkvæmda en eftir væri að færa til tekna ógreidda styrki úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Gert væri ráð fyrir að níu mánaðar uppgjör og uppgjör í árslok verði innan fjárheimilda. Því sé ekki ástæða til að bregðast við af hálfu ráðuneytisins.

Ráðuneytið segir ekki ólíklegt að á einhverjum fjárlagaliðum geti afgangur í árslok orðið allt að 10% þótt ekki sé hægt að segja til um hvaða liðir það verði. Miklar framkvæmdir væru t.d. í gangi hjá Þjóðgarðinum á Þingvöllum sem væri með mikinn afgang sem reiknað væri með að minnkaði á næstu mánuðum. Ef afgangur verður um

áramót sé það vegna ólokinna verkefna og ekki ástæða til að bregðast sérstaklega við því.

### **Utanríkisráðuneyti**

Hjá utanríkisráðuneyti kom fram að ekkert benti til þess að útkoman verði marktækt yfir fjárheimildir í lok árs. Þá segir ráðuneytið ekkert benda heldur til þess að fjárlagaliðir þess verði með útkomu sem er marktækt undir fjárheimildum.

### **Mennta- og menningarmálaráðuneyti**

Nokkrir fjárlagaliðir mennta- og menningarmálaráðuneytis munu að óbreyttu verða með halla í lok árs. Yfirleitt er um að ræða fjárlagaliði sem hafa tekið með sér halla frá fyrra ári sem ekki er talið unnt að vinna upp á árinu. Þetta á m.a. við um *02-209 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum*, *02-206 Landbúnaðarháskóla Íslands*, *02-217 Hólaskóla - Háskólann á Hólum*, *02-352 Flensborgarskóla* og *02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands*. Talið er að þessir fimm fjárlagaliðir geti rekið sig á þessu ári án þess að bæta við uppsafnaðan halla og jafnvel sumir náð að grynka eitthvað á hallaskuldum. Eldri halli skýrir einnig neikvæða stöðu Sinfóníuhljómsveitarinnar um mitt ár en reksturinn undanfarin misseri hefur verið í góðu jafnvægi og telur ráðuneytið ágætari horfur á að það takist að grynka á hallaskuldinni á þessu ári.

Hins vegar eru aðrir fjárlagaliðir þar sem bæði er um að ræða skuld vegna halla frá fyrra ári og áframhaldandi hallareksturs á þessu ári. *02-231 Rannsóknamiðstöð Íslands* var með 43 m.kr. neikvæða fjárheimildastöðu um síðustu áramót og 23 m.kr. neikvæða rekstrarafkomu á fyrstu sex mánuðum ársins. Sértekjur standa undir um helmingi af rekstri stofnunarinnar en erlendar sértekjur hafa verið lægri en áætlað var og tekjurnar skilað sér seinna auk þess sem gengisþróun var óhagstæð. Nokkrir framhaldsskólar, þ.e. *02-302 Menntaskólinn á Akureyri*, *02-305 Menntaskólinn við Sund*, *02-308 Menntaskólinn í Kópavogi*, *02-359 Verkmenntaskólinn á Akureyri* og *02-370 Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ* voru allir með neikvæða stöðu fjárheimilda vegna halla fyrri ára og flestir líka með halla á rekstri fyrri hluta ársins umfram það sem gert var ráð fyrir í rekstraráætlun. Ýmsar skýringar eru á halla ársins s.s. hærri launakostnaður og húsaleiga og lægri sértekjur. Gera verður ráð fyrir að launahækkunar hjá framhaldsskólunum séu skv. kjarasamningum og fái því bættar síðar á árinu.

Halli *02-430 Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra* stafar bæði af eldri skuld sem ekki hefur náðst að rétta af og halla á rekstri það sem af er þessu ári. Hallinn stafar m.a. af viðbótarkostnaði vegna langtímaveikinda en svigrúm lítilla stofnana til að bregðast við slíku er takmarkað. Þá var fjárhagsstaðan í árslok 2015 ofmetin vegna tvíbókunar tekna á árinu sem ekki var leiðrétt fyrr en í febrúar 2016.

*02-723 Menntamálastofnun* var með neikvæða fjárheimildastöðu í árslok 2015. Þá var halli á rekstri á fyrri hluta þessa árs en rekstraráætlun gerði ráð fyrir jákvæðri afkomu. Ráðuneytið telur að skýra megi hallann m.a. með kostnaði við sameiningu stofnana.

Þess megi vænta að reksturinn verði í jafnvægi þegar árið er liðið og að stofnunin komi til með að geta byrjað að greiða niður eldri halla á árinu 2017.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur brugðist við vanda stofnana með því að aðstoða við gerð rekstraráætlana sem gera ráð fyrir að hallaskuldir séu greiddar á 2-3 árum. Í nokkrum tilvikum hefur ráðuneytið óskað eftir að fá viðbótarfjárveitingar í fjárukalögum, m.a. vegna Landbúnaðarháskólans, Hólaskóla, Flensborgarskóla, Menntamálastofnunar og Rannsóknamiðstöðvar Íslands. Í fjárukalögum sem samþykkt voru í október er hins vegar ekki að finna tillögur um fjárveitingar til að mæta þessu.

Reiknað er með að ýmsir stofnkostnaðarliðir nýti ekki að fullu fjárheimildir ársins, s.s. *02-318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður* og *02-319 Fasteignir framhaldsskóla*. Sama máli gegnir um ýmsa sjóði, s.s. *02-235 Markáætlun á sviði vísinda og tækni*, *02-236 Rannsóknasjóður* og *02-981 Kvikmyndasjóður*. Helsta ástæða þess að stofnkostnaðarliðir fullnýta ekki fjárheimildir er að framkvæmdum sem ráðgerðar voru á árinu hefur seinkað. Í tilfelli sjóða er um það að ræða að búið er að veita loforð um framlög en þau aðeins verið greidd út að hluta. Ráðuneytið leggur núna áherslu á að laga dreifingu fjárheimilda að raunverulegri greiðsludreifingu framlaga þannig að síður myndist frávik á milli fjárheimilda og útgjalda.

#### **Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti**

Hjá ráðuneytinu kom fram að nokkur vandamál hafa verið með dreifingar fjárheimilda sem getur haft áhrif á útkomu einstakra fjárlagaliða en vonast er til að búið verði að ráða bót á þessu við gerð níu mánaða uppgjörs. Að teknu tilliti til þessa er ekki gert ráð fyrir því að nein stofnun ráðuneytisins verði marktækt yfir fjárheimildum í lok árs. Allt stefnir í að tekjur og gjöld *04-251 Einkaleyfisstofu* verði meiri en gert var ráð fyrir í áætlun.

Tvær stofnanir ráðuneytisins, *04-215 Fiskistofa* og *04-551 Ferðamálastofa* voru báðar marktækt undir áætlunum á fyrri árshefningi. Hjá Fiskistofu stafar þetta af viðbótarfjárheimild sem veitt var vegna flutnings stofnunarinnar til Akureyrar en hafði ekki verið nýtt ennþá nema að litlu leyti. Stofnunin var ekki flutt í endanlegt húsnæði og ekki var búið að ráða í öll laus störf. Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna flutningsins verði meiri á síðari hluta ársins og því ekki ástæða til að breyta fjárheimildum að svo stöddu. Ráðuneytið var að fara yfir stöðu mála hjá Ferðamálastofu í því skyni að skýra hvers vegna fjárheimildir höfðu ekki verið nýttar að fullu.

#### **Innanríkisráðuneyti**

Á fyrri hluta ársins voru 24 fjárlagaliðir ráðuneytisins með útgjöld umfram 4% af fjárheimild. Í sumum tilvikum stafar hann af annarri dreifingu tekna eða gjalda en gert var ráð fyrir eða að eftir er að millifæra fjárheimildir. Þá mun inneign frá fyrra ári nægja til að rétta af halla hjá nokkrum stofnunum. Af öðrum skýringum má nefna að halli á *06-190 Ýmis verkefni* er vegna aðildargjalda að Frontex, landamærostofnun Evrópusambandsins, sem hafa hækkað mikið. Á liðinn *06-210 Héraðsdómstólar* átti

eftir að færa launabætur vegna ákvarðana Kjararáðs um breytingar á launakjörum dómara. Fjárheimild á liðnum *06-232 Opinber réttaraðstoð* er lægri en nemur útgjöldum liðarins og endurspeglar ekki eftirspurnina eftir slíkri aðstoð en ráðuneytið telur sig ekki geta stýrt útgjöldum liðarins. Halli *06-395 Landhelgisgæslu Íslands* var 123,2 m.kr. en inneign frá fyrra ári nægir til að jafna þann halla. Hins vegar liggur fyrir að stofnuninni er gert að endurgreiða Frontex, landamærastofnun Evrópusambandsins ofgreiddar tekjur að fjárhæð 1,6 m. evra. Ráðuneytið hefur óskað eftir að stofnuninni verði bætt þetta í fjárukalögum. Halli var á rekstri *06-305 Lögregluskóla ríkisins* sem lagður var niður í lok september vegna breytinga á tilhögun lögreglunáms, auk þess sem skuld var á liðnum vegna halla frá fyrra ári. Ekki liggur heldur fyrir hvernig kostnaður við breytt fyrirkomulag námsins verði fjármagnaður á þessu ári en hann er áætlaður um 130 m.kr. Gert er ráð fyrir að halli á *06-398 Útlendingastofnun* verði annað hvort bættur með millifærslu af fjárlagalið vegna ófyrirséðra útgjalda hjá fjármála- og efnahagsráðuneyti eða með aukafjárveitingu í fjárukalögum. Sama á við um *06-399 Hælisleitendur* sem um mitt ár var búinn að fullnýta allar fjárheimildir ársins. Í fjárukalögum 2016, sem samþykkt voru í október, er 640 m.kr. viðbótarfjárveiting vegna hælisleitenda.

Fjögur sýslumannsembætti voru með halla á fyrri hluta ársins, mismikinn þó. Þetta eru *06-440 Sýslumaður Vesturlands*, *06-445 Sýslumaður Norðurlands eystra*, *06-446 Sýslumaður Austurlands* og *06-449 Sýslumaður Vestmannaeyja*. Ráðuneytið er með rekstur sýslumannsembættanna til sérstakrar skoðunar. Þá var halli á liðnum *06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta* vegna innleiðingar nýrra barnalaga en vonast er til að jafnvægi komist á fyrir árslok.

Halli var á *06-591 Fangelsisbyggingum* en að teknu tilliti til inneignar frá fyrra ári er hann í jafnvægi. Kostnaður við liðinn féll til síðar en reiknað var með í fjárlögum.

Halli á *06-662 Hafnarframkvæmdum* á að jafnast út að teknu tilliti til inneignar frá fyrra ári. Halli á *06-659 Rannsóknanefnd samgönguslysa* stafar einkum af kostnaði við að ná fiskveiðiskipinu Jóni Hákonu BA 60 af hafsbotni en gert er ráð fyrir að þeim kostnaði verði mætt með aukafjárveitingu. *06-689 Fjarskiptasjóður* á að vera í jafnvægi í lok árs að teknu tilliti til inneignar frá fyrra ári og sama máli gegnir um *06-682 Jöfnunarsjóð alþjónustu*. Annar liður sem sýnir halla á fyrri hluta árs en á að geta jafnað það upp með inneign frá fyrra ári er *06-701 Þjóðkirkjan*.

Halli á *06-821 Þjóðskrá Íslands* stafar af því að markaðar tekjur falla að stærstum hluta til á seinni árshluta en gert hafði verið ráð fyrir jafnri dreifingu þeirra yfir árið. Að teknu tilliti til þessa er rekstrarafgangur hjá stofnuninni á fyrri árshelmingi og gert ráð fyrir að reksturinn í lok árs verði innan fjárheimilda.

Á nokkrum fjárlagaliðum ráðuneytisins er útlit fyrir jákvæða fjárheimildastöðu í lok árs og eru ýmsar skýringar þar á. Ráðuneytið telur ekki tilefni til að bregðast sérstaklega við vegna þessa.

## Velferðarráðuneyti

Á fyrri árshelmingi var halli á rekstri *08-201 Tryggingastofnunar ríkisins, 08-204 Lífeyrstrygginga og 08-206 Sjúkratrygginga Íslands*. Hjá Tryggingastofnun stefnir í að tölvu- og kerfisfræðipjónusta og launakostnaður fari talsvert fram úr áætlun, en ráðuneytið mun sækja eftir viðbótarheimildum í fjárukalögum. Útgjöld vegna lífeyrstrygginga eru áætluð um 1.460 m.kr. umfram fjárlög ársins eða tæp 2%. Skýringin liggur að mestu í fjölgun örorkulífeyrisþega umfram áætlanir. Fyrirséður og viðvarandi halli er á málaflokki sjúkratrygginga og fjárlagaliðum hans líkt og undanfarin ár. Heildarfrávik í málaflokknum á fyrri helming ársins eru 1.390 m.kr. eða 7,7% umfram fjárheimildir tímabilsins. Sjúkratryggingar Íslands reikna með að málaflokkurinn fari 3.400 m.kr. fram úr fjárlögum. Lækniskostnaður og lyf eru þeir liðir þar sem gert er ráð fyrir mestum frávikum frá útgjaldaheimildum sjúkratrygginga, en í endurskoðaðri áætlun um útgjöld ársins frá í ágúst er reiknað með að umframútgjöld vegna þessara liða skýri rúm 70% af væntum árslokahalla. Fyrir liggur tillaga ríkisstjórnarinnar um að bæta 427 m.kr. við heimildir ársins til upptöku nýrra S-merktra lyfja. Við þá aðgerð lækkar væntur halli sjúkratrygginga í árslok í tæpar 3.000 m.kr. Í svari ráðuneytisins kemur fram að það muni sækja um viðbótarfjárveitingar vegna þessara fjárlagaliða í fjárukalögum ársins.

Í maí sl. lá fyrir að *08-373 Landspítali* yrði rekinn með talsverðum halla á yfirstandandi ári og óskaði ráðuneytið þá eftir tillögum um með hvaða hætti stjórnendur spítalans hygðust rétta rekstur ársins af. Þeir hafa nú gripið til ýmissa aðgerða sem virðast hafa dugað til að stöðva vöxt hallans. Ljóst er að tíminn er orðinn naumur og telur ráðuneytið ólíklegt að náist að rétta af uppsafnaðan halla ársins að fullu. *08-358 Sjúkrahúsið á Akureyri* var með halla á fyrstu sex mánuðum ársins en vonir standa til að rekstur ársins verði innan fjárheimilda og ekki gert ráð fyrir að gripa þurfi til sérstakra ráðstafana. Að mati ráðuneytisins eru skýringar á rekstrarvanda þessara tveggja sjúkrahúsa fjölmargar en eftirspurn eftir þjónustu virðist hafa aukist. Einnig liggur hluti vandans í ósamræmi milli útreikninga stofnananna annars vegar og fjármála- og efnahagsráðuneytisins hins vegar á áhrifum kjarasamninga á launaútgjöld. Stofnanirnar virðast svo ekki hafa gripið til nægjanlegra aðgerða til að brúa þennan mismun. Þá hefur á báðum stofnunum verið meira um veikindi starfsmanna en undanfarin ár sem hefur kallað á aukavaktir með tilheyrandi kostnaði.

Rekstur fimm af sex heilbrigðisstofnunum var með neikvæða útkomu á fyrri árshelmingi. Það eru einkum tvær heilbrigðisstofnanir sem ráðuneytið fylgist náið með, þ.e. *08-726 Heilbrigðisstofnun Vestfjarða* og *08-787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands*, en útlit er fyrir að rekstur þeirra verði neikvæður á þessu ári. Heilbrigðisstofnun Suðurlands hefur gripið til hagræðingaraðgerða á árinu sem skila sér á síðari hluta þessa árs og á næsta ári. Ráðuneytið telur ástæðu til að fylgjast grannt með þróun í útgjöldum annarra heilbrigðisstofnana þar sem vitað er að rekstur þeirra er í jánnum. Ráðuneytið hefur millifært fjárheimildir til nokkurra heilbrigðisstofnana af óskiptri fjárveitingu til heilbrigðisstofnana og áformar að hækka heimildir einstakra stofnana frekar. Launaútgjöld hjá nokkrum þessara stofnana eru ekki í samræmi við samþykka ársáætlun. Þá eru jafnframt umframútgjöld vegna aðkeyptar sérfræðipjónustu sem skýrist að mestu leyti af verktakasamningum við lækna. Uppsafnaður rekstrarvandi

fyrri ára er óleystur og telur ráðuneytið óraunhæft að ætla stofnununum að greiða hann niður af árlegu rekstrarfé. Uppsafnaður halli hefur valdið alvarlegum vandræðum í rekstri heilbrigðisstofnana, lausafé er ekkert og stofnanirnar geta ekki staðið við skuldbindingar sínar og gert upp viðskiptaskuldir. Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur fallist á að koma til móts við stofnanir með svipuðum hætti og gert var árið 2010 við Landspítala, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og heilbrigðisstofnanirnar á Suðurlandi og Suðurnesjum og greiða þeim rekstrarfé umfram fjárheimildir ársins. Þessi fyrirgreiðsla er til bráðabirgða og verður háð rekstrarafkomu og tekin til endurskoðunar í ljósi afkomu stofnananna.

Afkoma á lið sjúkraflutninga janúar – júní var 190 m.kr. umfram fjárheimildir, en útlit er fyrir að uppsafnaður halli á liðnum verði á bilinu 160 – 170 m.kr. í lok ársins. Greiðslur samkvæmt samningum við rekstraraðila sjúkraflutninga eru bókaðar á liðinn. Stærsti samningsaðilinn er Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS).

Rekstur hjúkrunarheimilisins Sólvangs verður að líkindum ekki innan fjárheimilda á yfirstandandi ári sem er í samræmi við rekstraráætlun ársins. Þá telur ráðuneytið vandséð að unnt verði að greiða hallaskuld af rekstrarfé. Afkoma á fjárlagalið 08-403 Öldrunarstofnanir, daggjöld er jákvæð á fyrstu sex mánuðum ársins en ekki er gert ráð fyrir að svo verði í lok ársins. Sjúkratryggingar Íslands tóku á þessu ári við umsjón með greiðslum daggjalda til öldrunarstofnana. Nýtt reikningakerfi og leguskrá hefur verið í þróun hjá Sjúkratryggingum sem gerir það að verkum að dregist hefur að ganga að fullu frá uppgjörum við hjúkrunarheimilin en unnið er að úrbótum. Meðal þeirra hjúkrunarheimila sem falla undir þennan fjárlagalið er hjúkrunarheimilið Sóltún, en fjárheimildir til rekstrar heimilisins eru í engu samræmi við samningsbundin útgjöld og vantar töluvert uppá eða um 200 m.kr. á ári. Í fjárukalögum 2016 sem samþykkt voru í október er 1.500 m.kr. viðbótarfjárveiting til öldrunarstofnana.

Afkoma 08-851 Atvinnuleysistryggingasjóðs á fyrri helmingi yfirstandandi árs var jákvæð. Í fjárlögum 2016 var gert ráð fyrir óbreyttum fjárheimildum sjóðsins til greiðslu bóta og byggði það á spá Hagstofu Íslands um þróun atvinnuleysis. Mælingar Hagstofunnar sýna hins vegar minna atvinnuleysi það sem af er árinu og skýrir það jákvæða afkomu sjóðsins til þessa. Það er því til skoðunar að leggja til lækun á fjárheimildum Atvinnuleysistryggingasjóðs í fjárukalögum.

Afkoma 08-854 Fæðingarorlofssjóðs var einnig jákvæð á fyrri hluta ársins en greiðslur sjóðsins á fyrri helmingi ársins hafa reynt lægri en áætlað var. Ráðuneytið telur þó ekki ástæðu til að bregðast sérstaklega við þeirri stöðu. Þess má geta að viðmiðunarfjárhæðir greiðslna sjóðsins hafa nýlega verið hækkaðar.

### **Fjármála- og efnahagsráðuneyti**

Eftir fyrri árshelming voru tveir fjárlagaliðir ráðuneytisins yfir fjárheimild, þ.e. 09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun og 09-980 Rekstrarfélag Stjórnarráðsins. Ráðuneytið bendir á að erfitt sé að áætla útgjöld vegna lífeyrisskuldbindinga og því sé ekki hægt að segja til með vissu um hvort útkoma á þeim lið verði að óbreyttu marktækt yfir fjárheimild liðarins í lok árs. Ráðuneytið telur hins vegar að útkoma Rekstrarfélagsins

geti að óbreyttu farið um 12 m.kr. fram yfir áætlaðar heimildir í árslok. Ástæður þess megi rekja til hækkunar viðhalds- og leygisgjalda hugbúnaðar sem ekki voru fyrir séðar þegar rekstraráætlun var gerð og leigutekjur áætlaðar. Þá hafi komið til meiri hækkunar fasteignagjalda en áætlað var eða um 20 m.kr. á þessu ári. Rekstrar-samningar við birgja hafi einnig hækkað í takt við launavísitölu í samræmi við ákvæði samninganna. Stjórn félagsins hefur núna ákveðið að hækka leigugjöld til að fyrirbyggja að rekstrarhalli flytjist milli ára, samhliða því að gjaldskrá ársins 2017 verður tekin til endurskoðunar vegna hækkunar hugbúnaðarleyfa og fasteignagjalda.

Ráðuneytið telur að ekki sé ástæða til að ætla að útkoma neins af fjárlagaliðum þess verði marktækt undir fjárheimild liðarins í lok árs.

### **Umhverfisráðuneyti**

Umhverfisráðuneytið gerir ráð fyrir að útkoma tveggja fjárlagaliða verði marktækt yfir fjárheimild í lok ársins en það eru *14-212 Vatnajökulsþjóðgarður* og *14-410 Náttúrufræðistofnun Íslands*. Áætlað er að höfuðstóll þjóðgarðsins verði neikvæður um rúmar 46 m.kr. í árslok 2016 og stafar það að hluta til vegna vanáætlunar á byggingarkostnaði Snæfellsstofu. Í fyrra var lagt fyrir stofnunina að ná hallanum niður á þremur árum. Ráðuneytið segir mikla þörf fyrir að ráðast í framkvæmdir hjá þjóðgarðinum vegna mikillar fjölgunar ferðamanna en gera megi ráð fyrir að tilkoma laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum nr. 20/2016 verði til þess að auka framkvæmdafé stofnunarinnar og ná niður neikvæðum höfuðstól innan tilsetts tímafrests.

Hjá Náttúrufræðistofnun Íslands er gert ráð fyrir að staða höfuðstóls verði neikvæð í árslok 2016 sem skýrist að langstærstum hluta af því að ekki fékkst samþykkt 53 m.kr. beiðni í fjárlögum 2014 til IPA verkefnis í stað framlags frá Framkvæmasjóði ESB. Í fjárlögum 2015 var samþykkt fjárlagabeiðni vegna sama verkefnis til tveggja ára að fjárhæð 100 m.kr. Ráðuneytið hyggst bæta stofnuninni sem samsvarar neikvæðum höfuðstól vegna IPA verkefnis í fjárlögum 2017.

Ekki er gert ráð fyrir að fjárheimildastaða einstakra liða verði marktækt undir fjárheimild í lok árs 2016.



## 5 Sjóðstreymi A-hluta ríkissjóðs

Handbært fé frá rekstri ríkissjóðs var jákvætt um 56,3 ma.kr. á fyrri hluta ársins en var skv. áætlun talið verða neikvætt um 4,0 ma.kr.

**Handbært fé frá rekstri var meira en áætlað var**

Hreinn lánsfjárfjöfndur var jákvæður um 44,6 ma.kr. (lánsfjárafgangur) sem er heldur minna en gert var ráð fyrir í áætlun tímabilsins.

Greiddar afborganir á fyrri hluta ársins voru mun hærri en gert var ráð fyrir í áætlun, 126,7 ma.kr. í stað 28,9 ma.kr. Að sama skapi voru tekin langtímalán lægri en áætlað hafði verið, 37,7 ma.kr. í stað 108,8 ma.kr.

Handbært fé ríkissjóðs lækkaði á tímabilinu um 54,0 ma.kr. en í áætlun hafði verið gert ráð fyrir að það hækkaði um 127,7 ma.kr. Til samanburðar lækkaði handbært fé um 107,7 ma.kr. á sama tíma í fyrra.

### 5.1 Sjóðstreymi ríkissjóðs, janúar–júní 2016

Greiðslugrunnur (ma.kr.)	Fjárlög	Áætlun	Útkoma	Útkoma fyrra árs	Frávik frá áætlun	Breyting frá fyrra ári		
Handbært fé frá rekstri	14,8	-4,0	56,3	-24,9	60,2 -1516,4%	81,2 -325,9%		
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>								
Fjárfestingar	-15,8	-12,1	-8,4	-7,6	3,6 -30,2%	-0,8 11,2%		
Sala eigna	0,8	0,3	0,3	0,0	-0,0 -6,0%	0,3 -		
Veitt löng lán	-11,6	-7,7	-7,1	-10,4	0,7 -8,8%	3,4 -32,3%		
Afborganir langtímakrafna	7,4	4,6	4,3	31,1	-0,3 -7,0%	-26,8 -86,1%		
Kaup eignarhluta í félögum	-0,8	0,0	-0,8	-0,9	-0,8 -	0,1 -9,7%		
Sala eignahluta í félögum	71,4	71,4	0,0	0,0	-71,4 -100,0%	0,0 -		
	<b>51,4</b>	<b>56,5</b>	<b>-11,6</b>	<b>12,2</b>	<b>-68,1</b>	<b>-120,6%</b>	<b>-23,9</b>	<b>-195,1%</b>
Hreinn lánsfjárfjöfndur	66,2	52,5	44,6	-12,7	-7,9 -15,0%	57,3 -452,0%		
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>								
Skammtímaskuldir, nettó		-4,7	-9,7	1,5	-4,9 104,7%	-11,2 -738,0%		
Langtímaskuldir	129,2	108,8	37,7	43,2	-71,1 -65,3%	-5,5 -12,6%		
Afborganir langtímaskulda	-304,8	-28,9	-126,7	-139,7	-97,7 337,6%	13,0 -9,3%		
	<b>-175,6</b>	<b>75,1</b>	<b>-98,6</b>	<b>-95,0</b>	<b>-173,7</b>	<b>-231,3%</b>	<b>-3,6</b>	<b>3,8%</b>
Breyting á handbæru fé	-109,4	127,7	-54,0	-107,7	-181,6 -142,3%	53,7 -49,9%		

# Viðauki 1: Skýringar á hugtökum

**A-hluti ríkissjóðs.** Rekstri á vegum ríkisins er skipt í fimm hluta: A-, B-, C-, D- og E-hluta með tilliti til eðlis starfseminnar, fjármögnunar hennar og ábyrgðar. A-hlutinn er umfangsmestur en til hans heyrir rekstur stofnana ríkisins sem eru að stærstum hluta fjármagnaður af skatttekjum þótt stofnanir geti einnig selt þjónustu og aflað þannig tekna. Til A-hlutans heyra ráðuneyti, ríkisstofnanir, ýmsir styrktarsjóðir og tilfærslur til B- og C-hlutans, sveitarfélaga, einstaklinga, samtaka og atvinnuvega. Ríkissjóður ber ótakmarkaða fjárhagslega ábyrgð á skuldbindingum ríkisstofnana í A-hluta. Efnahagur ríkissjóðs telst einnig til A-hlutans.

**Bundið eigið fé.** Rekstrarafgangur sumra fjárlagaliða sem hafa ríkistekjur, þ.e. markaðar tekjur eða aðrar rekstrartekjur, er að hluta eða öllu leyti færður á svokallað bundið eigið fé í stað höfuðstóls. Nánar tiltekið er almennt um að ræða mismun ríkistekna sem færðar eru í ársreikning viðkomandi fjárlagaliðar og fjárheimilda hans skv. fjárlögum, fjáraukalögum og lokafjárlögum. Sé tekjufærslan umfram fjárheimild er bundið eigið fé jákvætt, en neikvætt ef tekjurnar eru undir fjárheimild. Afkoma fjögurra fjárlagaliða (Atvinnuleysistryggingasjóðs, Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga, Ábyrgðasjóðs launa og Fæðingarorlofs) hefur þó verið færð að fullu á bundið eigið fé. Ekki er heimilt að ráðstafa bundnu eigin fé nema skv. ákvæði í fjárlögum eða fjáraukalögum. Sjá einnig *markaðar tekjur*.

**Fjárheimild (fjárveiting, gjaldaheimild).** Fjárheimild er fjárveiting sem veitt er í fjárlögum til að skuldbinda ríkissjóð á tilteknu ári að viðbættri hugsanlegri viðbótarfjárveitingu í fjáraukalögum og millifærslum af öðrum fjárlagaliðum, s.s. vegna launa- og verðlagsbóta. Fjárheimild tekur einnig tillit til hugsanlegra ónotaðra fjárheimilda eða halla frá fyrri árum. Yfirleitt felur fjárveiting í sér heimild til að greiða skuldbindinguna á árinu, þ.e. gjaldaheimild. Almennt eru fjárheimildir tilgreindar í 1. gr. fjárlaga og sundurliðun 2 og koma þær þá inn í samtölu fjárlaga, en í sumum tilvikum er einnig veitt heimild til ráðstafana í 6. grein fjárlaga.

**Flutt fjárheimild milli ára.** Lög um fjárreiður ríkisins (nr. 88/1997) heimila, að fengnu samþykki hlutaðeigandi ráðherra og fjármálaráðherra, að ónýttar fjárveitingar í lok reikningsárs séu geymdar til næsta árs (sbr. 2. mgr. 37. gr. laganna). Með sama hætti er heimilt að draga skuldir fyrra árs (vegna þess að fjárlagaliður fór fram úr fjárheimild á árinu) frá fjárveitingum ársins. Fylgiskjal 1 með frumvarpi til lokafjárlaga hvers árs sýnir þær ónýttu fjárheimildir og umframgjöld sem fjármálaráðuneytið leggur til að flytjist yfir á næsta ár og breyti þar með fjárheimildum þess árs. Eigi hins vegar ekki að auka eða skerða fjárveitingar næsta árs með þessum hætti þarf að leita eftir heimild til þess í

frumvarpi til lokafjárlaga að fella niður afgangsheimildir og umframgjöld. Slíkar niðurfellingar eru tilgreindar í 2. gr. frumvarpsins.

**Greiðslugrunnur (greiðsluuppgjör, sjóðshreyfingar).** Reikningskilaregla sem kveður á um að viðskipti (og skuldbindingar þeim tengdar) skuli aðeins færa þegar greiðsla vegna þeirra fer fram. Uppgjör á greiðslugrunni sýnir tekjur þegar þær innheimtast og gjöld þegar þau eru innt af hendi. Sjá *rekstrargrunnur*.

**Handbært fé frá rekstri.** Handbært fé frá rekstri ríkissjóðs er mismunurinn á inn- og útgreiðslum sem rekstur ríkissjóðs skilar á tímabilinu. Handbært fé svarar til afkomu ársins þegar tekið hefur verið tillit til tekna og gjalda sem ekki hafa áhrif á sjóðsstöðu (s.s. áfallinna en ógreiddra gjalda) og breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum (skammtímalíðir eins og birgðir, viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir).

**Höfuðstóll.** Höfuðstóll fjárlagaliða sýnir stöðu þeirra gagnvart fjárheimildum. Ef rekstur ársins skilar jákvæðri niðurstöðu, þ.e. er innan fjárheimilda, hækkar staða höfuðstóls en lækkar ef rekstrarniðurstaðan er neikvæð. Hjá flestum fjárlagaliðum færast höfðustólsstaðan milli ára og hefur áhrif á fjárheimild næsta árs. Á sumum fjárlagaliðum er staðan hins vegar að hluta eða öllu leyti bundin (sjá *bundið eigið fé*) og því ekki til ráðstöfunar til rekstrar viðkomandi stofnunar. Eins er venjan að fella niður með lokafjárlögum höfuðstólsstöðu ýmissa liða fjárlaga sem byggðir eru á áætlunum eða útreikningum, t.d. vegna lífeyris-, sjúkra- og slysatrygginga lífeyrisskuldbindinga, barnabóta, vaxtabóta, afskrifta skattkrafna og vaxtagjalda.

**Lánsfjárfjöfnuður.** Lánsfjárfjöfnuður eru þeir fjármunir sem ríkissjóður hefur til að greiða af lánum. Hann er ýmis jákvæður (lánsfjárafgangur) eða neikvæður (lánsfjárbörf).

**Lokafjárlög.** Ákvæði um lokafjárlög er að finna í 45. gr. laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins. Þar segir að með ríkisreikningi skuli fylgja frumvarp til lokafjárlaga honum til staðfestingar. Lokafjárlög eru í þremur greinum. Með fyrstu greininni eru gerðar breytingar á fjárheimildum vegna frávika ríkistekna frá áætlun fjárlaga (sjá *markaðar tekjur og aðrar rekstrartekjur*). Í annarri greininni eru felldar niður afgangsheimildir og gjöld umfram fjárheimild ef ekki á að flytja slíka stöðu yfir á næsta ár. Loks er í þriðju grein lokafjárlaga mælt fyrir um að lögin öðlist þegar gildi og að ríkisreikningur ársins teljist þar með staðfestur.

**Markaðar tekjur og aðrar rekstrartekjur.** Markaðar tekjur kallast tekjur af þeim sköttum sem beinlínis er ætlað að standa undir tilteknum útgjöldum. Þannig er til dæmis ákveðið í lögum að mestallar tekjur af sköttum sem lagðir eru á eldsneyti (bensíngjald) renni til vegagerðar. Með sama hætti er kveðið á um í lögum hvernig ráðstafa skuli tekjum af tryggingagjaldi. Til annarra rekstrartekna stofnana teljast lögbundnar tekjur fyrir veitta þjónustu eða starfsemi á vegum ríkisins. Dæmi um þetta eru innritunargjöld skóla, eftirlitsgjöld af ýmsu tagi, tekjur af útgáfu vottorða, leigutekjur o.fl. Markaðar tekjur og aðrar rekstrartekjur eru taldar upp í séryfirlitum í fjárlögum. Í lokafjárlögum vegna viðkomandi árs er fjárheimildum einstakra fjárlagaliða breytt til samræmis við uppgjör markaðra tekna og annarra

rekstrartekna, þ.e. fjárheimild er ýmist hækkuð eða lækkuð eftir því hvort slíkar tekjur urðu hærri eða lægri en áætlað var í fjárlögum.

